



Sveitarfélagið Árborg

Rúnar Guðmundsson

Austurvegi 2

800 SELFOSS

Garðabær, 29.1.2025

Málsnúmer: 202412-0029

IAS

Efni: Breytingar á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036

Vísað er í erindi frá Sveitarfélaginu Árborg, frá 12. desember 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingar á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036.

„Gerðar eru nokkrar breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036. Breytingarnar snúa einkum að þéttbýlinu á Selfossi en einnig eru breytingar á landbúnaðarsvæði og nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu í dreifbýli.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina með breytingunum og kemur með eftirfarandi athugasemdir.

Náttúrufræðistofnun gerir engar athugasemdir við þær breytingar sem gerðar eru innan þéttbýlisins en vísar í umsögn stofnunarinnar frá 16. desember 2024 varðandi skipulagið við Stóra-Hraun:

<https://utgafa.ni.is/umsagnir/2024/Tillaga%20a%C3%B0%20deiliskipulagi%20fyrir%20n%C3%BDtt%20%C3%B6ryggisfangelsi%20%C3%A1%20St%C3%B3ra%20Hrauni,%20Eyrarbakka.pdf>

Eins og fram kemur í greinargerðinni er stór hluti skipulagssvæðisins á Þjórsárhrauni, sem er nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Það er hins vegar ekki rétt að þykkur lífrænn jarðvegur sé ofan á hrauninu, hvergi sjáist í það á yfirborði og að það hafi ekki lengur sérstakt verndargildi.

Innan Selfoss eru t.d. tvö svæði á náttúruminjaskrá vegna hraunmyndanna. Þetta eru svæði 748, Hraunbollar, við eystri sporð Ölfusárbrúar og svæði 774, Kerin (Grýlupottar) á tjaldsvæði bæjarins. Því þarf ávallt að hafa verndargildi hraunsins í þegar farið er í framkvæmdir sem raska hrauninu.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur